

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. janúar 2021

Mál: Tillaga til þingsályktunar um ríkisábyrgð á viðspyrnulán til atvinnuþróunar, 31. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 18. desember 2020 þar sem óskað var umsagnar SA um ofangreinda þingsályktunartillögu. Tillagan lýtur að því að Alþingi feli ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra að hafa forgöngu um að hrinda í framkvæmd tímabundinni aðgerð þar sem veitt er ríkisábyrgð á lán sem lánastofnanir veiti lögaðilum til atvinnu- og gjaldeyrisskapandi atvinnuþróunarverkefna. Aðgerðinni er ætlað að hvetja til fjárfestinga í atvinnuþróun og greiða fyrir aðgengi atvinnuþróunarverkefna að lánsfjármagni á tímum efnahagslegs samdráttar af völdum heimsfaraldurs kórónuveiru.

Samtök atvinnulífsins (SA) fagna því að ríkisábyrgð á viðspyrnulánum sé til skoðunar á Alþingi. Það er mikilvægt að styðja við og efla möguleika atvinnulífsins til kröftugrar viðspyrnu á þessum óvissutímum. SA taka undir að hætt er við því að verkefni sem lánveitendur telja vænlegan fjárfestingarkost í hefðbundnu árferði gjaldi nú fyrir óvissuna. SA undirstrika einnig mikilvægi þess að ríkisábyrgðin hafi ríflegan gildistíma en að öðrum kosti væri sennilegt að viðspyrnulánin myndu aðeins nýtast mjög takmörkuðum hópi rekstraraðila. Samtökin styðja að þingsályktunin nái fram að ganga en benda á eftirfarandi atriði.

Viðspyrnulánin ættu ekki að vera bundin við lögaðila, þau ættu að taka til rekstraraðila, þ.e. einstaklinga og lögaðila í rekstri. Þannig gæti t.d. einstaklingur á atvinnuleysissskrá skráð rekstur á eigin kennitölu og sótt um viðspyrnulán til að hrinda í framkvæmd verkefni sem rúmast innan skilyrða þeirra.

Gæta þarf vel að því að aðgerðin virki ekki samkeppnishamlandi og skekki ekki samkeppni á markaði. Vanda verður til verka við mótnun á ferlinu þar sem verkefnin eru metin og skýr viðmið liggja til grundvallar m.a. m.t.t. áhættu ríkissjóðs af viðkomandi verkefni. Mikilvægt er að haft sé í huga að ekki er forsvaranlegt að tekin sé of mikil áhætta með fjármuni skattgreiðenda og þess verði gætt að áhætta ríkissjóðs af aðgerðinni verði takmörkuð.

Atvinnuþróunarverkefni eru að mati SA skilgreind of þröngt í þingsályktunartillögunni. Að gera það að skilyrði að verkefnið feli í sér nýnæmi eða sé gjaldeyrisskapandi takmarkar verulega möguleika rekstraraðila til að nýta sér úrræðið. Nær væri að miða við að verkefnið leiði beint eða óbeint af sér aukningu á seldri eða framleiddri vöru eða þjónustu og að af því hljótist aukinn virðisauki og þar með umsvif í efnahagslífinu. Þannig gætu rekstraraðilar ekki aðeins nýtt fjármögnunina til að koma einhverju nýju í gang heldur einnig til að útvíkka eða auka umfang núverandi rekstrar ásamt því að hagræða með því að innleiða tæknilausnir sem eru þekktar og því ekki nýnæmi.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir
Heiðrún Björk Gísladóttir